

78
28. ágúst

AUGLÝSING

um

Samning um póstávísanaviðskifti milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Bandaríkjum Norður-Ameríku hafa komið sjer saman um svofeldan samning:

SAMNINGUR

milli póststjórnar Íslands og póststjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku.

I. grein.

Milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku skulu fara fram regluleg skifti á póstávísunum.

II. grein.

Póstávísanapjónustan milli sammingslandanna skal eingöngu framkvæmd af viðskiftastofum. Fyrir Ísland skal viðskiftastofan vera í Reykjavík, og fyrir Bandaríkin í New York.

III. grein.

Afreikningar fyrir póstávísanir í báðar áttir, skulu skrifaðir í mynt Bandaríkjanna. Póststjórn Íslands skal breyta upphæðum póstávísana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi í Bandaríkja mynt, og upphæðum þeirra, sem gefnar eru út í Bandaríkjum Norður-Ameríku í íslenska mynt.

Póststjórninni á Íslandi skal heimilt að ákveða, og breyta eftir ástæðum, gengi því, sem á að nota við myntbreytingu þeirra póstávísana, sem hún gefur út. Gengi það, sem á að nota við myntbreytingu póstávísana, sem gefnar eru út í Bandaríkjunum, skal vera í samræmi við gengi Bandaríkja peninga, eins og það er þann dag, sem ávísanaskránum er veitt móttaka í Reykjavík, og skal póststjórn Íslands láta póststjórn Bandaríkjanna jafnóðum vita um gengi það, sem notað er.

IV. grein.

Póststjórnir beggja sammingslandanna skulu hafa rjett til þess, að ákveða, eftir samkomulagi sín á milli, hámark upphæðar hinna einstöku póstávísana, sem gefnar eru út í hvoru landinu um sig. Hámark þetta má þó ekki fara fram úr \$ 100 eða næsta nothæfa jafngildi þessarar upphæðar í mynt útgáfulandsins.

V. grein.

78

28. ágúst

Póststjórn Íslands og póststjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skulu, hvor um sig, hafa rjett til þess að ákveða, eftir ástæðum, gjaldið undir þær póstávisanir, sem þær gefa út hvor um sig, og skal hvor póststjórnin um sig tilkynna hinni taxa sinn eða gjöld, sem sett eru, meðan þessi samningur gildir. Gjöldin falla til þeirrar póststjórnar, sem gefur ávisanirnar út, en póststjórn Íslands greiðir póststjórn Bandaríkja Norður-Ameríku helming af einum af hundraði ($1/2$ af hundraði) af upphæðum póstávisana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi, og borgaðar út í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, og póststjórn Bandaríkjanna greiðir póststjórn Íslands samskonar borgun fyrir póstávisanir, sem gefnar eru út í Bandaríkjunum en útborgaðar á Íslandi.

VI. grein.

Við útborganir póstávisana til almennings skulu brot úr 4 aurum eða 1 cent ekki tekin til greina.

VII. grein.

Nú biður maður um póstávisun, og skal þá krefjast af honum að tilgreina ef hægt er, fult ættarnafn og skírnar- eða eiginnafn (eða að minsta kosti upphafsstaf á einu skírnar- eða eiginnafni) sendanda og viðtakanda, eða nafn þess firma eða hlutafjelds, sem er sendandi eða viðtakandi, svo og heimilisfang sendanda og viðtakanda. Sje hvorki hægt að tilgreina skírnar- eða eiginnafn nje upphafsstafina að því, má þó gefa póstávisunina út, en á ábyrgð sendanda.

VIII. grein.

Verði póstávisun skakkt send eða glatist, skal gefið út eftirrit af henni samkvæmt skriflegri beiðni (er innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar) frá viðtakanda til aðalpóstávisanastofu þess lands, þar sem hin upprunalega ávisun átti að útborgast, og skal skrifstofunni, sem gefur eftirritið út, vera heimilt að taka fyrir það sama gjald og taka bæri eftir innanlandsreglum þess, nema ástæða sje til að ætla, að hin upprunalega ávisun hafi glatast í flutningi á póstinum.

Við móttöku á beiðni frá sendanda, er innihaldi líkar upplýsingar, skal gefa skipun um að stöðva útborgun á póstávisun.

IX. grein.

Sje þess óskað, að villa í nafni viðtakanda sje leiðrjett, eða að upphæð póstávisunar sje endurgreidd sendanda, verður hann að senda beiðni um það til aðalskrifstofu landsins, þar sem ávisunin var gefin út.

X. grein.

Endurgreiðsla á ávisun má með engu móti fara fram fyr en full

78 víska er fengin hjá aðalskrifstofu landsins, sem ávísunin á að útborgast í, um 28. ágúst að hún hafi ekki verið borguð út, og tjeð skrifstofa heimili endurgreiðsluna.

XI. grein.

Póstávisanir skulu vera gildar til útborgunar tólf mánuði eftir útgáfu-mánuð, og upphæðir allra póstaávisana, sem ekki eru útborgaðar innan þess tíma, skulu endursendar póststjórn útgáfulandsins, er fer með þær samkvæmt gildandi reglum í landinu.

XII. grein.

Póstávisanir, sem sendar eru frá öðru landinu til hins, skulu, að því er útgáfu snertir, vera háðar reglum þeim, er gilda í sendilandinu, og, að því er útborgun snertir, reglum þeim, er gilda í ákvörðunarlandinu.

XIII. grein.

Viðskiftastofan á Íslandi skal senda stofunni í Bandaríkjunum upplýsingar um upphæðir þær, sem móttæknar eru til útborgunar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, og stofan í New York skal senda stofunni í Reykjavík upplýsingar um upphæðir, sem móttæknar eru til útborgunar á Íslandi. Til þessa skal nota sjerstakar skrár, eins og meðfylgjandi fyrirmyndir A og B sýna, og skulu þær sendar með fyrsta pósti, sem kostur er á, eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út.

XIV. grein.

Sjerhver póstaávisun, sem færð er á skrárnar, skal vera tölusett með númeri (er heiti milliríkjanúmer) og byrji 1. júlí ár hvert með nr. 1.

Á sama hátt skal hver skrá hafa flokksnúmer, er byrji 1. júlí á hverju ári með nr. 1.

XV. grein.

Nú vantar einhverja skrá, og skal hennar þá krafist þegar í stað af viðskiftastofunni, sem hún átti að sendast til. Viðskiftastofan, sem sendir, skal, þegar þannig er ástatt, tafarlaust senda móttökuvíðskiftastofunni eftirrit af skránni, er sje löglega útbúið eins og slíkt eftirrit á að vera.

XVI. grein.

Skrárnar skulu vandlega athugaðar af viðskiftastofunni, sem þær eru sendar til, og leiðrjettar, þegar í þeim standa auðsæjar villur. Leiðrjett-ingarnar skal tilkynna viðskiftastofunni, sem sendi.

Komi fyrir aðrar skekkjur í skránum, skal viðskiftastofan, sem móttækur þær, krefjast skýringar af viðskiftastofunni, sem sendi, og skal hún gefa skýringuna eins fljótt og unt er. En á meðan skal útgáfunni frestað

á innlendum ávísunum þeim, er snerta færsluna á skránum, er skekkjan finst í. 78
28. ágúst

XVII. grein.

Undir eins og skráin er komin til móttökuviðskiftastofunnar, skal hún, eftir athugun á innihaldinu, búa út innlendar póstávisanir til viðtakenda fyrir upphæðum, sem tilgreindar eru á skránni, til útborgunar í peningum útborgunarlandsins, og senda síðan þessar innlendu ávisanir til viðtakanda eða útborgunarpósthúsanna, eftir því sem reglur útborgunarlandsins segja til um.

XVIII. grein.

Í lok hvers ársfjórðungs skulu póststjórnirnar útbúa hvor um sig og senda hinni:

1. Skrá, tvírtaða, er sýni upplýsingar um allar ávisanir, sem önnur póststjórnin hefur heimilað hinni að endurborga hinum upprunalegu sendendum (sjá fylgiskjal D.).
2. Skrá, er sýni upplýsingar um allar póstávisanir útgefnar af hinu landinu, sem ekki hafa orðið borgaðar út innan tólf mánaða eftir lok útgáfumánaðar, og þarafleiðandi fallnar til útgáfulandsins (sjá fylgiskjal E.).

XIX. grein.

Jafnskjótt og viðskiftastofan í Reykjavík hefur mótttekið hin viðurkendu samrit af yfirlitunum »D« og »E«, sem ákveðin eru í XVIII. grein, skal hún senda Third Assistant Postmaster General póstávisanareikning (tvírtaðan), og skal hann innihalda þessa liði:

- a) Skuldarmegin. Bandaríkjunum til tekna: Aðalupphæð skráa þeirra, sem sendar hafa verið frá Íslandi yfir ársfjórðunginn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefur verið að endurborga á Íslandi, og aðalupphæð íslenskra ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir ársfjórðunginn — og þóknunina $\frac{1}{2}$ af hundraði af upphæð útborgaðra ávísana.
- b) Tekjumegin. Íslandi til tekna: Aðalupphæð skráa þeirra, sem sendar hafa verið frá New York yfir ársfjórðunginn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefur verið að endurborga í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og aðalupphæð Bandaríkja ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir ársfjórðunginn — og þóknunina $\frac{1}{2}$ af hundraði af upphæð útborgaðra ávísana.

Ávisanareikningurinn skal útbúinn á eyðublaði eins og fyrirmyndin á fylgiskjali »F« sýnir og skulu fylgja honum eyðublöðin »C«, »D« og »E«. Annað samritið af reikningnum, löglega samþykkt, skal endursent til Reykjavíkur.

XX. grein.

Hvenær á ársfjórðungi sem þess verður vart, að ávisanir útgefnar á annaðhvort landanna fara \$ 5000 fram úr ávísunum, sem út eru gefnar

78 á hitt, skal hið síðarnefnda þegar í stað senda hinu fyrnefnda, sem borgun 28. ágúst í reikning upphæð þessa mismunar, sem fundist hefur, eða því sem næst, í tugatali.

XXI. grein.

Þegar íslenska póststjórnin á að borga póststjórn Bandaríkja Norður-Ameríku reikningsjöfnuð aðalreikningsins, skal hún gera það um leið og hún sendir reikninginn til Third Assistant Postmaster General, og þegar póststjórn Bandaríkjanna á að borga jöfnuðinn, skal hún gera það um leið og hún endursendir hið samþykta samrit af reikningnum til Reykjavíkur.

Þessar greiðslur, sem og aðrar greiðslur, er kunna að falla samkvæmt ráðstöfunum XX. greinar, skulu fara fram í dollars með víxlum, er borgist við sýningu í Washington.

Á hverja upphæð, sem önnur póststjórnin skuldar hinni, þegar sex mánuðir eru liðnir frá tímabili því, sem reikningurinn á við, falla vextir 7 af hundraði á ári, frá ofangreindum tíma að telja.

XXII. grein.

Komi nokkur tíma í ljós að póstávisanir sju notaðar af kaupskýslumönnum eða öðrum á Íslandi eða í Bandaríkjum Norður-Ameríku í fjárbralls-skygni, skal póststjórn Íslands eða póststjórn Bandaríkjanna, eftir því sem við á, vera heimilt að hækka gjöldin, og jafnvel algerlega að stöðva útgáfu póstávisana um stundarsakir.

XXIII. grein.

Póststjórn hvors landsins um sig skal heimilt að taka upp viðbótarreglur (sju þær ekki í mótsögn við ofanskráð), er miði að betri tryggingu gegn sviksemi, eða þessum ráðstöfunum til bóta yfir höfuð.

Allar slíkar viðbótarreglur skulu þó tilkynntar póststjórn hins landsins.

XXIV. grein.

Samningur þessi gengur í gildi þann 1. október 1928, og sje uppsegjanlegar af beggja aðila hálfu með sex almanaxsmánaða fyrirvara.

Saminn í tveimur eintökum og undirskrifaður í Reykjavík þann 5. júlí 1928 og í Washington þann 23. júní 1928.

S. Briem.

Aðalpóstmeistari á Íslandi.

Harry S. New.

Postmaster General of The United States.

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.